



Úthlutun styrkja til gæðaverkefna í heilbrigðisþjónustu

Þýðing á gagnreyndri HAM meðferðarhandbók fyrir kvíðin börn og foreldra þeirra.

Samstarfsverkefni sálfræðiþjónustu heilsugæslna HSA og HVE

Umsækjandi: Heilbrigðisstofnun Austurlands

Ábyrgðarmaður: Sigurlín Hrund Kjartansdóttir, yfirsálfræðingur

Stutt lýsing á verkefni: Verkefnið er þýðing á meðferðarhandbók fyrir kvíðin börn á aldrinum 5-12 ára og foreldra þeirra. Meðferðin hefur verið rannsökuð í Bretlandi og hefur sýnt góðan árangur. Árangur með meðferðinni hefur verið sambærilegur við aðrar HAM nálganir sem krefjast meiri og tímafrekari inngripa. Rannsóknarniðurstöður sýna að ekki er munur á árangri úr meðferð hvort sem hún er veitt af sálfræðingi sérhæfðum í HAM meðferð eða einhverjum með minni þjálfun, sem hentar vel í heilsugæsluumhverfi út á landi þar sem sérfræðingar eru af skornum skammti en vel er hægt að þjálfa fleiri starfsstettir (hjúkrunarfræðinga/ljósmaður) til að sinna meðferðinni. Meðferðin samanstendur af fjórum einstaklingsviðtölum og fjórum símaviðtölum við foreldra á átta vikna tímabili. Í meðferðinni fá foreldrar verkefni sem þau vinna með börnunum sínum í undir handleiðslu heilbrigðisstarfsmanns. Hugmyndafræðin byggir á því að foreldrar eru sérfræðingar í sínum eigin börnum. Þau eru með þeim á þessum erfiðu tímum þar sem kvíðin kemur fram. Meðferðin er aðgengileg, auðveld í framkvæmd, hagkvæm og gagnast breiðum hópi barna. Hún gæti verið gott verkfæri til að bæta sálfræðiþjónustu og stytta biðlista eftir sálfræðiþjónustu á landsbyggðinni. Samvinna er milli yfirsálfræðinga HSA og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) um að innleiða meðferðina og þjálfa starfsfólk í að nota hana. Í Bretlandi hefur meðferðin einnig verið veitt sem hópmeðferð svo sá möguleiki er vel fyrir hendi að auki. **Veittur var styrkur að upphæð 500 þúsund kr.**

Samfelld þjónusta Heimahjúkrunar, Heilsugæslu og Landspítala

Umsækjandi: Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Ábyrgðarmaður: Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar

Stutt lýsing á verkefni: Tilgangur og markmið verkefnisins er að skjólstæðingar heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu njóti samfelldrar þjónustu í mismunandi þjónustueiningum heilbrigðiskerfisins. Að móta og innleiða verklag sem tekur tillit til flæðis skjólstæðinga milli heimahjúkrunar, heilsugæslu og Landspítala. Verklagið skal taka mið af mismunandi markhópum, þjónustubörf, upplýsingaflæði og samskiptum milli þjónustueininga og við skjólstæðinginn. Velferð skjólstæðingsins er höfð að leiðarljósi og horft verður á ferilinn milli þjónustueininga frá sjónarhóli hans. Verkefnið gengur út á að skilgreina skipulag, samfellu og samræmingu þjónustu milli þriggja þjónustueininga í heilbrigðiskerfinu. Leitast verður m.a. við að einfalda og skýra verkferla og upplýsingaflæði milli eininga. Allir aðilar þessara þriggja þjónustueininga koma að gerð verklagsins og innleiðingu þess, auk þess sem upplýsingatækni og nýjungar í sjúkraskrá koma við sögu.

Veittur var styrkur að upphæð 500 þúsund kr.

Aukin samvinna heilsugæslulækna og þvagfæraskurðlækna er varðar verklag og tilvísanir sjúklinga með sjúkdóma í þvagfærum

Umsækjandi: Landspítali Háskólasjúkrahús

Ábyrgðarmaður: Jón Örn Friðriksson, þvagfæraskurðlæknir

Stutt lýsing á verkefni: Einkenni frá þvagfærum er algeng komuástæða einstaklinga sem leita á heilsugæslustöð. Í flestum tilfellum er hægt að sinna sjúklingnum á heilsugæslunni en sérfræðiálit getur átt við í völdum tilfellum. Gerðir verða sameiginlegir verkferlar fyrir uppvinnslu og fyrstu meðferð algengra þvagfæravandamála, t.d. þvagtrengdu, PSA hækkunar og stórsærrar blóðmigu. Samdar verða leiðbeiningar fyrir heilsugæslulækna þar sem fram koma ábendingar fyrir sérfræðiáliti. Verður í þessu samhengi stuðst við sambærilegar leiðbeiningar í nágrannalöndunum. Sett verður á fót miðstöð fyrir tilvísanir sem berast frá heilsugæslu. Tilvísanirnar verða metnar af sérfræðilækni sem mun leitast við að koma uppvinnslu sem fyrst í rétt ferli. Þegar greining liggur fyrir og meðferð er hafin verður metið hvort þörf er á frekara eftirliti. Eftirlitið verður síðan sett í viðeigandi farveg, annaðhvort með áframhaldandi eftirliti þvagfæraskurðlæknis eða tilvísun til baka til heilsugæslunnar. Þar sem um nokkurn fjölda sjúklinga er að ræða verður leitast við að minnka umfang verkefnisins í upphafi. Stefnt er að samstarfi við nokkrar heilsugæslur á höfuðborgarsvæðinu til að byrja með. Ef verkefnið gengur vel verður fleiri heilsugæslum innan og utan höfuðborgarsvæðisins boðið að vera með. Mikilvægi verkefnisins felst einkum í skilvirkari þjónustu við einstaklinga með einkenni frá þvagfærum. Verkefnið getur enn fremur orðið fyrirmynd sambærilegra verkefna annarra sérgreina.

Veittur var styrkur að upphæð 500 þúsund kr.

Átak gegn óráði á Landspítala- kennslumyndband

Umsækjandi: Landspítali Fossvogur

Ábyrgðarmaður: Steinunn Arna Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun

Stutt lýsing á verkefni: Sótt er um gæðastyrk til þess að gera kennslumyndband sem mun ná til ólíkra stétta heilbrigðisstarfsfólks sem koma að meðferð sjúklinga. Því er ætlað að stuðla að aukinni þekkingu þeirra sem veita þessum sjúklingahópi þjónustu og samræma betur verklag við greiningu, forvarnir og meðferð við óráði. Árið 2015 voru gefnar út þverfaglegar klínískar leiðbeiningar um forvarnir, greiningu og meðferð við óráði á Landspítala en innleiðing á þeim hefur ekki enn náð þeirri útbreiðslu sem æskilegt væri. Myndband um óráð er til þess fallið að höfða til stærri hóps og auðvelt að koma í mikla dreifingu. Aldraðir einstaklingar og sjúklingar með heilabilun, alvarlega sjúkdóma eða mjaðmabrot eru líklegri til að þróa með sér óráð en aðrir. Algengi óráðs hjá sjúklingum á lyflækningadeildum er 20 – 30%, 10-50% eftir skurðaðgerðir og allt að 80% meðal sjúklinga á gjörgæsludeildum. Rannsóknir hafa sýnt að óráð er oftast vangreint og vanmeðhöndlað (NICE, 2010). Sjúklingar sem fá óráð eru líklegri til að liggja lengur á sjúkrahúsi eða á gjörgæsludeild, þróa með sér heilabilun, fá fylgikvilla tengda sjúkrahúslegu s.s. byltur og þrýstingssár, þurfa lengri endurhæfingu og/eða dvöl á hjúkrunarheimili og hafa skertari lífslíkur.

Veittur var styrkur að upphæð 500 þúsund kr.

Öruggt "Hand-Off" við vaktaskipti

Umsækjandi: Landspítali Hringbraut / skurðlækningasvið

Ábyrgðarmaður: Atli Steinn Valgarðsson, sérnámslæknir í skurðlækningum

Stutt lýsing á verkefni: Í ljósi aukins sjúklingafjölda á spítölum, auknu flækjustigi heilbrigðisþjónustu og styttri vinnutíma lækna koma mun fleiri að meðferð sjúklinga en áður þekktist. Nú þykir sjálfsagt að meðhöndlandi læknir fari heim eftir langan vinnudag og láti sína sjúklinga í hendur annars læknis. Þetta er hluti af nýrri öryggismenningu þar sem reynt er að fækka mistökum sem komið hafa upp þegar læknar tóku vaktir sólarhringum saman án þess að hvílast. Þetta er breyting í þágu sjúklingaöryggis en veldur hinsvegar hættu á að upplýsingar glatist á milli vakta. Þetta hefur verið skoðað í talsvert í Bandaríkjunum og sýnt hefur verið fram á að mörg vaktaskipti valda því að mikilvægar upplýsingar hafa glatast og þannig hefur öryggi sjúklinga verið ógnað, því fleiri sem koma að meðferð sjúklings því minni er samfellan sem býður hættunni heim.

Ekki er til verklag hérlendis sem styðjast má við til að koma reglu á "hand-off" við vaktaskipti lækna. Hingað til hafa vaktaskipti verið með óformlegum hætti sem eykur verulega líkur á að mikilvægar upplýsingar eða verkefni glatist sem getur skipt sköpum fyrir sjúklinga. Til dæmis ef gleymist að segja lækni sem mætir á vaktina frá því að fylgja eftir mikilvægri rannsókn mun niðurstaðan ekki berast viðkomandi í tæka tíð og í geira þar sem mínútur geta skipt miklu máli má þetta ekki gerast. Mínútur og klukkustundir geta verið lífsspursmál. Því er mikilvægt að gera þetta alltaf eins eftir stöðluðum leiðum til að auka öryggi sjúklinga í flóknu kerfi nútímans

Veittur var styrkur að upphæð 150 þúsund kr.

Samtals voru veittir styrkir að upphæð 2.150.000 kr. fyrir ofangreind fimm verkefni.